



virkir foreldrar

# BETRI GRUNNSKÓLI

Áhugi, ábyrgð og áhrif foreldra á skólastarf auk jákvæðra viðhorfa til náms og skólagöngu getur skipt sköpum fyrir námsárangur og almenna velferð nemenda.

Skólaráð eru nú í grunnskólum. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald viðkomandi skóla. Í ráðinu sitja nú einstaklingar til tveggja ára í senn, tveir fulltrúar kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveir fulltrúar nemenda og tveir fulltrúar foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Skólaráð starfa samkvæmt ákvæðum 8. greinar grunnskólalaga nr. 91/2008. Gefin hefur verið út sérstök reglugerð um skólaráðin, reglugerð nr. 1157/2008. Skólastjóri sér um að starfsreglur skólaráðs séu kynntar foreldrum og starfsfólki skólans m.a. með birtingu þeirra í skólanámskrá og á upplýsingavef skólans. Skólaráðin starfa í náinni samvinnu við stjórnir foreldrafélaga og nemendaráða.

## SKÓLARÁÐ

Skólaráð er nýr samráðsveitvangur. Með starfsreglum er fundarstaður og fundartími einnig ákveðinn. Miðað skal við að skipað sé í ráðið í upphafi skólaárs. Tilkoma skólaráða er einn liður í aukinni aðkomu foreldra að stjórnun grunnskóla og með þeim eru tengsl foreldra við skólann eflid. Þeim sem óska nánari upplýsinga er bent á heimasíðu síns skóla.

Leiðbeinandi reglur um skólaráð, reglugerð um skólaráð frá ráðuneyti og fleira er varðar starfsemi skólaráða er hægt að nálgast á [www.heimiliogskoli.is](http://www.heimiliogskoli.is).

## HLUTVERK SKÓLARÁÐA

- Taka þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans
- Fjalla um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið
- Veita umsagnir um áætlanir um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun er tekin
- Fylgjast almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda

## FORELDRA-FÉLÖG

Foreldrafélög eru nú lögbundin skv. 9. gr. laga nr 91/2008 „Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð“.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.heimiliogskoli.is](http://www.heimiliogskoli.is) um starfsemi foreldrafélaga, ýmis útgáfa samtakanna kynnt og m.a. viðmiðunarreglur varðandi kosningu í skólaráð. Einnig eru hagnýtar upplýsingar á [www.nymenntastefna.is](http://www.nymenntastefna.is).

## HLUTVERK FORELDRA-FÉLAGA

- Sjá um starfsemi foreldrafélaga skv. grunnskólalögum nr. 91/2008: „Að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla“
- Hvetja til virkrar þátttöku foreldra í skólastarfinu
- Gagnkvæm upplýsingamiðlun heimila og skóla (ma. á upplýsingavef skólans)
- Útgáfa fréttabréfs um foreldrasamstarfið
- Þátttaka í skólafærninámskeiðum
- Hagsmunagæsla, aðhald og eftirlit með skólastarfinu
- Tengsl og samvinna við skólastjórnendur – aðild að skólaráðum
- Tengsl við fulltrúa foreldra í skólaráði og skólanefnd sveitarfélags

- tengsl og umsjón með störfum bekkjarfulltrúa (fulltrúaráð foreldrafélagsins)
- ábyrgð á skipulagningu, fræðslu og boðun funda í foreldrasamfélaginu
- tengsl við nemendaráð og hagsmunagæsla vegna nemenda
- tengsl við aðila utan skólans m.a. aðila í grenndarsamfélaginu og stjórnsýslunni
- tengsl fulltrúa foreldrafélags við svæðaráð foreldra og landssamtök foreldra
- tengsl við forvarnanefnd sveitarfélags

### **Rannsóknir sýna að samskipti foreldra og skóla hafa jákvæð áhrif á skólastarf.**

#### **Ávinningur samstarfs er meðal annars:**

- Betri líðan barna í skólanum
- Aukinn áhugi og bættur námsárangur
- Aukið sjálfstraust nemenda
- Betri ástundun og minna brottfall
- Jákvæðara viðhorf foreldra og nemenda til skólans
- Aukinn samtakamáttur foreldra í uppeldislutverkinu

## **UM HEIMILI OG SKÓLA**

Heimili og skóli – landssamtök foreldra eru frjáls félagasamtök sem hafa það að meginmarkmiði að efla foreldra og fjölskyldur í uppeldislutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu.

Landssamtökin starfa fyrir foreldra í leik-, grunn- og framhaldsskólum, foreldra í trúnaðarstörfum, í stjórnun foreldraráða, skólaráða og foreldrafélaga, bekkjarfulltrúa, fulltrúa foreldra í fræðslunefndum sveitarfélaga, skólastjórnendur, sveitarfélög og ráðuneyti.

Samtökin byggja einkum starfsemi sína á tekjum sem fást með árlegu félagsgjaldi félagsmanna, skóla og stofnana. Stuðningur þinn skiptir máli.

## **HLUTVERK HEIMILIS OG SKÓLA**

- Hvetja til og styðja við jákvætt og öflugt samstarf heimila og leik-, grunn- og framhaldsskóla
- Styðja við foreldra í uppeldislutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólastarfi
- Efla starf foreldraráða, skólaráða og foreldrafélaga í leik-, grunn- og framhaldsskólum
- Stuðla að stofnun og uppbyggingu svæðasamtaka á landsvísi til að efla samtakamátt foreldra- og borgaralýðræði



## STARFSEMI HEIMILIS OG SKÓLA

- Taka þátt í stefnumótun um skóla – fjölskyldu-, æskulýðs-, íþrótt- og tómstundamál
- Koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við yfirvöld og vinna að auknum áhrifum foreldra á skólastarf
- Samstarf við önnur samtök, innlend og erlend, sem starfa á svipuðum vettvangi

- Upplýsingamiðlun og ráðgjöf til foreldra og skóla
- Útgáfa fræðsluefnis, tímarits, veftímaritsins Samstíga og handbóka
- Heimasiða þar sem er að finna fréttir, fróðleik og gagnlegar upplýsingar
- Fyrirlestrar um foreldrasamstarf og uppeldi
- Skipulagning og þátttaka í ráðstefnum um uppeldis- og skólamál
- Uppbygging og skipulagning forvarnastarfs
- Virk þátttaka í umræðu og stefnumótun í samfélaginu um skóla- og fjölskyldumál

## ÝMIS VERKEFNI HEIMILIS OG SKÓLA

- SAFT - Frá árinu 1999 hefur Evrópusambandið rekið aðgerðaáætlun um örugga netnotkun sem kallast Safer Internet Action Plan. Markmið áætlunarinnar er að stuðla að öruggari notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, m.a. með því að berjast gegn ólöglegu og óæskilegu efni og stuðla að vitundarvakningu um örugga netnotkun í samfélaginu. Heimili og skóli hafa rekið vaxningaráttak um örugga netnotkun á Íslandi frá árinu 2004. Verkefnið hefur frá upphafi gengið undir nafninu Samfélag, fjölskylda og tækni, skammstafað SAFT
- Foreldraverðlaun Heimilis og skóla. Árleg viðurkenning er veitt verkefnum sem efla tengsl heimila, skóla og nærsamfélagsins og auka virkni foreldra, starfsfólks skóla og nemenda í því mikilvæga starfi leik-, grunn- og framhaldsskóla
- Forvarnastarf með aðild að ýmsum forvarnaverkefnum s.s. Saman hópnun, Náum áttum og árlegri vímuvarnaviku
- Olweusarverkefnið gegn einelti - Heimili og skóli hafa verið aðili að Olweusarverkefninu gegn einelti frá upphafi þess
- Þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni í 7. bekk. Heimili og skóli eiga aðild að Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn, sem sérstaklega voru stofnuð til að skipuleggja Stóru upplestrarkeppnina.
- Útgáfa fræðsluefnis fyrir foreldra og virkar heimasiður með upplýsingum og gagnlegu efni [www.heimilioskoli.is](http://www.heimilioskoli.is) og [www.saft.is](http://www.saft.is)



## DÆMI UM ÚTGÁFU

- Foreldrasáttmálinn
- Leggjum börnum lið við læsi
- Ég og bekkurinn minn
- Heimanámsveggspjald
- Heimanámsbæklingur
- Eineltisbæklingur – Góð ráð til foreldra
- Um trúnaðarupplýsingar
- Handbók um foreldrasamstarf í leikskólum
- Handbók um foreldrasamstarf í grunnskólum
- Handbók um foreldrasamstarf í framhaldsskólum
- Netheilmæði fyrir foreldra
- Fyrir hvern er tölvuleikurinn

Með nýjum lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla frá júní 2008 er gert ráð fyrir að auka og styrkja formlega aðkomu foreldra í skólastarfi og auka þátttöku þeirra í stefnumótun skólanna. Þörfin fyrir Heimili og skóla – landsamtök foreldra er mikil.

## HVERS VEGNA AÐ VERA FÉLAGI Í HEIMILI OG SKÓLA

- Styrkurinn felst í fjöldanum
- Rödd foreldra heyrir betur
- Betri aðgangur að upplýsingum
- Stuðningur við foreldrahlutverkið
- Samtökin standa vörð um uppeldis- og menntunarskilyrði barna til 18 ára aldurs og líta svo á að leikskólinn sé fyrsta skólastigið

## VERTU MED

Það er auðvelt að gerast félagi. Þú getur skráð þig á heimasíðunni, sent okkur tölvupóst eða hringt til okkar.



**Heimili og skóli**  
Landsamtök foreldra

Heimili og skóli Suðurlandsbraut 24, 4. hæð  
108 Reykjavík • Sími 516 0100  
[www.heimilioskoli.is](http://www.heimilioskoli.is) • [www.saft.is](http://www.saft.is)

MENNTAMÁLARÁDUNEYTIÐ

